

Bæjarráð Akureyrarbæjar
Geislagötu 9
600 AKUREYRI

Grant Thornton endurskoðun ehf.
Suðurlandsbraut 20
IS 108 Reykjavík
Sími: 520 7000
Fax: 520 7010
Grantthornton@grantthornton.is
www.grantthornton.is

Reykjavík, 6. október 2017

Efni: Útboð Akureyrarbæjar um endurskoðunarþjónustu

Þann 14. júní 2017 óskaði Akureyrarbær eftir tilboðum í endurskoðun ársreikninga Akureyrarbæjar frá og með reikningsárinu 2017 til og með reikningsárinu 2022. Grant Thornton endurskoðun ehf. tók þátt í umræddu útboði og reyndust lögstjóðendur við opnun tilboða. Bæjarráð tók þá ákvörðun á fundi þann 24. ágúst sl. að meta tilboð félagsins ógilt og samþykkti að ganga til samninga við Enor ehf. sem átti næst lægsta tilboð.

Í kjölfar ákvörðunar bæjarráðs óskuðum við eftir skriflegum rökstuðningi á ákvörðun bæjarins vegna útboðsins. Í stuttu máli var niðurstaða bæjarins sú að tilboð Grant Thornton hefði einungis falið í sér tilboð í annan af tveimur verkþáttum útboðsins. Það er að tilboð Grant Thornton hefði ekki falið í sér tilboð í að setja upp ársreikninga fyrir aðalsjóð, fyrirtæki og sjóði bæjarins, heldur eingöngu að endurskoða samstæðureikning bæjarins og ársreikninga.

Af rökstuðningi bæjarins að dæma og þeirri niðurstöðu bæjarins að ganga til samninga við Enor ehf. verður ekki ályktað öðruvísi en að tilboð Enor ehf. hafi bæði falið í sér endurskoðun samstæðu og ársreikninga bæjarins, sjóða og stofnana innan samstæðu sem og ársreikningagerð fyrir sömu rekstrareiningar.

Líkt og bæjarráði kann að vera kunnugt vildum við ekki una niðurstöðu bæjarins og lögðum fram kæru til kærufredar útboðsmála 4. september sl. Samkvæmt bráðabirgðaúrskurði nefndarinnar frá 2. október sl. er kæru okkar vísað frá. Niðurstaða kærufredar er sú að þótt kröfugerð okkar hafi beinst í orði kveðnu að ákvörðun bæjarins um val tilboðs telur nefndin að málatilbúnaður okkar byggist á því að skilmálar útboðsins hafi verið ólögmatir. Kærufrestir voru því liðnir þegar kæra okkar barst og fékk hún því ekki efnislega umfjöllun kærufredarinnar. Lögfræðingar okkar eru ósammála lagalegri túlkun nefndarinnar og ekki útséð með eftirmála vegna úrskurðarins.

Í bréfi þessu verður gerð stuttlega grein fyrir sjónarmiðum okkar varðandi framangreint útboð og niðurstöður þess.

Um endurskoðun Akureyrarbæjar

Akureyrarbær er sveitarfélag sem starfar á grundvelli sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Á grundvelli 1. mgr. 72. gr. laganna er bænum skylt að ráða sér endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast skal endurskoðun ársreikninga hjá sveitarfélaginu. Um endurskoðun hjá sveitarfélaginu gilda lög nr. 79/2008 um endurskoðendur, lög nr. 3/2006 um ársreikninga og alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar, sem og nánari fyrirmæli sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Einnig þarf að hafa í huga að Akureyrarbær telst eining tengd almannahagsmunum sbr. 7. tl. 1. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur sökum þess að bærinn hefur skráð skuldabréf í kauphöll. Gerðar

eru ítarlegri kröfur til endurskoðunar og reikningskila eininga tengda almannahagsmunum heldur en annarra eininga bæði í lögum sem og í siðareglum endurskoðenda.

Um óhæði endurskoðenda

Óhæði endurskoðenda er hornsteinn endurskoðunarstarfsins. Endurskoðandi skal eigi framkvæma endurskoðun ef einhver þau tengsl eru á milli endurskoðandans og viðskiptavinar hans sem eru til þess fallin að vekja efa um óhæði hans hjá vel upplýstum þriðja aðila, svo sem atvinnutengsl, bein eða óbein fjárhagsleg tengsl eða viðskiptatengsl önnur en leiðir af endurskoðuninni.

Má í þessu samhengi sérstaklega benda á 7. mgr. 72. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 en þar segir: „Endurskoðandi sveitarfélags skal vera óháður sveitarfélaginu, bæði í reynd og ásýnd, sbr. lög um endurskoðendur. Endurskoðanda er óheimilt að taka þátt í ákvörðunum sveitarstjórnar eða stjórnenda sveitarfélags sem geta leitt til þess að hlutleysi hans við framkvæmd endurskoðunarstarfa sé stefnt í hættu.“

Ársreikningagerð og endurskoðun

Eins og áður hefur verið vikið að var tilboð okkar í endurskoðun bæjarins metið ógilt af bæjarráði á grundvelli þess að það innihélt eingöngu tilboð í annan af þeim tveim verkþáttum sem boðnir voru út skv. útboðsskilmálum. Er hér vísað til þess að bærinn bauð út samhliða endurskoðun á samstæðureikningi bæjarins og ársreikningum aðalsjóðs, fyrirtækjum og öðrum sjóðum bæjarins sem og ársreikningagerð fyrir sömu rekstrareiningar.

Ástæða þess að tilboð okkar bar ekki með sér viðamikla vinnu vegna ársreikningagerðar er einföld. **Umrætt fyrirkomulag er andstætt lögum og endurskoðanda bæjarins er óheimilt að taka að sér ársreikningagerð fyrir bæinn.** Má í því samhengi vísa til tveggja lagaákvæða:

1. 7. mgr. 72. gr. sveitarstjórnarlaga fjallar um óhæði endurskoðenda eins og áður hefur verið vikið að. Í athugasemdum frumvarps með 6. mgr. 72. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sem varð síðar 7. mgr. 72. gr., segir: „Í 6. mgr. er að finna mikilvægt nýmæli um óhæði eða hlutleysi endurskoðanda. Af þessu leiðir að sá endurskoðandi sem ábyrgur er fyrir endurskoðun sveitarfélags getur ekki jafnframt séð um bókfærslu sveitarfélagsins og veitt því ráðgjöf um rekstur, að öðru leyti en því sem felst í almennum eða beinum athugasemdum sem eru án vafa þáttur í endurskoðuninni sem slíkri. Enn fremur felur ákvæðið í sér að endurskoðandi getur ekki endurskoðað þann ársreikning er hann sjálfur hefur sett upp.“
2. Samkvæmt 1. tl. 13. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur skal Félag löggiltra endurskoðenda setja siðareglur fyrir endurskoðendur að fenginni staðfestingu ráðherra á reglunum. Voru siðareglur endurskoðenda staðfestar af ráðherra í febrúar 2011. Í 19. gr. laga um endurskoðendur segir að „við mat á óhæði skal endurskoðandi fylgja ákvæðum siðareglna sem Félag löggiltra endurskoðenda hefur sett“.

Skv. gr. 290.172 í siðareglum endurskoðenda geta endurskoðendur ekki annast ársreikningagerð fyrir viðskiptavini í endurskoðun ef þeir teljast eining tengd almannahagsmunum nema í neyðartilfellum, en þar segir: "Að frátöldum neyðartilvikum skal fyrirtæki ekki veita viðskiptavini í endurskoðun, sem er eining tengd almannahagsmunum, bókhalds- og reikningskilabjónustu, þar á meðal launabókhaldsvinnslu, eða gera ársreikning sem er svo endurskoðaður af hálfu fyrirtækisins eða fjárhagsgögn sem ársreikningur viðskiptavinarins byggist á."

Um tilboð Grant Thornton

Við gerð tilboðsins horfðum við til þess áhugaverða tækifæris sem fólst í því að taka að okkur endurskoðun fyrir bæinn. Eitt af skilyrðum útboðsins var að bjóðandi hefði starfstöð á Akureyri og hafði bjóðandi þrjá mánuði til að koma slíkri starfstöð upp, væri hún ekki fyrir hendi. Grant Thornton hefur ekki starfstöð á Akureyri en við sjáum þó mikil tækifæri í slíkri starfsemi.

Samkeppni endurskoðunarfyrtækja í sveitarfélaginu er töluverð og mikil áhættufjárfesting í því fólgin að hefja starfsemi úr engu. Við höfðum þó tryggt okkur áreiðanlegan samstarfsaðila sem hefði að öllum líkindum veitt umræddri starfstöð forystu til lengri tíma og með honum hefðu fylgt nokkrir starfsmenn og verkefni. Þessu gerðum við grein fyrir í tilboði okkar. Með þjónustu okkar fyrir bæinn og með samstarfi okkar við umræddan aðila, hefði þannig verið kominn grundvöllur fyrir opnun starfstöðvar á Akureyri. Óumdeilt er að innkoma okkar í flóru endurskoðunarfyrtækja á Akureyri hefði aukið samkeppni á markað fyrir reikningsskila- og endurskoðunarþjónustu í bænum, atvinnulífínu á Akureyri og Norðurlandi öllu til hagsbóta.

Í ljósi þessara tækifæra lögðum við okkur fram um að gera eins hagstætt tilboð í endurskoðunarþjónustu bæjarins eins og við treystum okkur til sem var talsvert undir þeim raunkostnaði sem tilgreindur hafði verið í útboðsgögnum.

Aldrei læddist að okkur sá grunur að Akureyrarbær færi fram á að endurskoðendur veittu þjónustu sem væri andstæð lögum, hvað þá heldur að slíkt leiddi til ógildingar við yfirferð tilboða. Engar fyrirspurnir bárust frá bænum um þennan þátt tilboðsins og við því grunlaus um þessa afstöðu bæjarins. Þá er ekki séð hvernig bæjarráð getur verið stætt á því að taka þátt í eða stuðla að lögbrotum með ógildingu tilboðs okkar á þessum forsendum.

Þykir okkur við því hafa verið verulega hlunfarin í útboði bæjarins og það að ósekju. Þar með urðum við af einstaklega áhugaverðum viðskiptatækifærum og urðum fyrir beinum hagnaðarmissi.

Lokaorð

Það er ljóst að endurskoðanda Akureyrarbæjar er óheimilt að taka að sér bæði endurskoðun og ársreikningagerð fyrir bæinn. Álykta verður sem svo að tilboð Enor ehf. hafi falið í sér tilboð í bæði endurskoðun og ársreikningagerð og með samningi við endurskoðunarfyrtækið er bæjarráð með beinum hætti að brjóta lög. Enor ehf. er ómögulegt að taka að sér verkið á þessum forsendum.

Við skorum hér með á bæjarráð að afturkalla ákvörðun sína um að ganga til samninga við Enor ehf. og taka tilboð okkar til endurskoðunar með hliðsjón af framangreindu. Í versta falli ætti að bjóða út þjónustuna á nýjan leik með nýjum útboðsskilmálum.

Við áskilum okkur allan rétt í máli þessu verði bærinn ekki við áskorun okkar, hvort sem er gagnvart kærunefnd útboðsmála eða dómstólum. Þá er ástæða til að beina málinu til Endurskoðendaráðs, en ráðinu er ætlað að hafa eftirlit með störfum endurskoðenda og myndi vafalaust láta málið til sín taka.

F.h. Grant Thornton endurskoðunar ehf

Theodór S. Sigurbergsson
Davíð Arnar Einarsson
Sturla Jónsson

Afrit af bréfi þessu er sent á Enor ehf.